

Týndi fjársjóðurinn – Tækifæri í breytingum á örorkulífeyriskerfinu

Aukin atvinnuþátttaka fatlaðs fólks

Gunnar Alexander Ólafsson hagfræðingur ÖBÍ

Ný lög um almannatryggingar sept 2025

Helstu áherslur

öbí

- Einn greiðsluflokkur í stað nokkurra áðú.
- Aukin atvinnuþátttaka öryrkja - hlutaörorka
- Samþætt sérfræðimat kemur í stað núverandi örorkumats.
- Samvinna kerfa og samhæfingakerfi.
- Sjúkra- og endurhæfingagreiðslur.

Hlutaörorka og aukin atvinnuþátttaka

- Grundvallarbreyting á atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.
- **Hlutaörorkulífeyrir** verður 82% af lífeyri. Þau sem eru á hlutaörorku fá virknisstyrk meðan þau eru í virkri atvinnuleit. Frítekjumark fyrir atvinnutekjur verður 250.000 kr.
- Einstaklingur sem er á hlutaörorku þarf því að **afla sér tekna** (t.d. með hlutastarfi) til að fá tekjur sem nægja lágmarksframfærslu.
- Í nýju kerfi er gert ráð fyrir því að fleira fólk sem hefur horfið af vinnumarkaði, vegna slysa eða sjúkdóma, og misst hluta af starfsgetu sinni, leiti aftur út á vinnumarkaðinn. Fólk sem býr yfir mikilli reynslu og sérfræðipekkingu.

Vinnumarkaðsaðgerðir

- Mikilvægt er að komi fram að þau sem fara á hlutaörorkulífeyri munu þurfa að finna sér starf til langs tíma því hlutaörorka er ótímabundin.
- Árið 2022 var dregið úr skerðingum örorkulífeyris vegna atvinnutekna með hækkun frítekjumarka. Við það jókst atvinnuþátttaka fatlaðs fólks um 14%.
- Árið 2024 fengu um 23.300 manns lífeyri frá TR – langflestir fengu örorkulífeyri.
- Er vinnumarkaðurinn á Íslandi reiðubúinn að taka á móti þessum fjölda einstaklinga með skerta starfsgetu í störf?

Vinnumarkaðsaðgerðir frh.

- Á tímabilinu 2021-2023 fóru um 1.200 manns að meðaltali á ári á örorkulífeyri.
- Gert er ráð fyrir því í nýja kerfinu að helmingur umsækjenda um lífeyri fái mat um örorkulífeyri og helmingurinn á móti fái mat um hlutaörorku (um 600-700 einstaklingar).
- Á íslenskum vinnumarkaði eru 232.000 manns og 81% fólks á vinnualdri (16-74 ára) virk á vinnumarkaði. Hæsta hlutfall í Evrópu.
- Atvinnuleysi á Íslandi mælist minna m.v. Norðurlönd og N-Evrópu (Þýskaland, Holland, Belgíu, Írland og Bretland). Atvinnuleysi hér á landi var 2,8% í nóvember 2024 en 5,6% í fyrrnefndum löndum.
- Íslenski vinnumarkaðurinn er kröftugur og lifandi sem einkennist af lágu atvinnuleysi.

Ávinningur við að ráða fólk með skerta starfsgetu

Rannsóknir hafa sýnt ávinning fyrir fyrirtæki að ráða fólk með skerta starfsgetu:

1. Aðgangur að fjölbreyttri þekkingu
2. Aukin nýsköpun og samkeppnishæfni
3. Hollusta
4. Betra orðspor
5. Fjárhagslegur ábati
6. Samfélagslegur ávinningur

Upplýsingar fyrir atvinnurekendur

Á heimasíðu ÖBÍ hefur verið tekið saman mikið af upplýsingum fyrir atvinnurekendur varðandi ráðningu á fólki með skerta starfsgetu:

1. Svör við algengum spurningum varðandi ráðningu á einstaklingi með skerta starfsgetu.
2. Mögulegir ráðningastyrkir til atvinnurekenda vegna ráðninga á fólki með skerta starfsgetu.
3. Ávinningur við að ráða fólk með skerta starfsgetu.
4. Helstu stofnanir sem sjá um atvinnumál fatlaðs fólks.
5. Skilgreiningar á hugtökum, eins og viðeigandi aðlögun.
6. Fyrstu skref við ráðningu á einstakling með skerta starfsgetu.
7. Gátlisti fyrir aðgengi á vinnustöðum.

<https://www.obi.is/upplýsingagattir/fyrir-atvinnurekendur/>

UNNDÍS – UNDIS

Inngildingarstefna SP og innleiðingarverkefni innan stofnana þeirra

- UNNDÍS (UNDIS) er aðferðafræði og aðgerðaráætlun til að fjölga starfsfólki með skerta starfsgetu og sem Sameinuðu Þjóðirnar hafa innleitt hjá sér og í öllum undirstofnunum.
- Með UNNDÍSI staðfesta stofnanir Sameinuðu þjóðanna að full og óskert mannréttindi alls fatlaðs fólks eru órjúfanlegur og óaðskiljanlegur hluti allra mannréttinda og grundvallarfrelsis.

UNNDÍS – UNDIS

Inngildingarstefna SP og innleiðingarverkefni innan stofnana þeirra

UNNDÍS skiptist í tvo meginþætti:

A) Innleiðingu á 15 árangursvísum er varðar forystu, stefnumótun, stjórnun og stofnanamenningu.

B) Ábyrgðarskorkort fyrir inngildingu á viðeigandi aðlögun.

- Að auki inniheldur aðferðarfræðin tímalínu, leiðbeiningar og dreifingu ábyrgðar.

UNNDÍS– Skorkort



Litir til að meta stöðu aðgerða


Vantar aðgerðir

Unnið í kröfum

Kröfum mætt

Framkvæmt umfram kröfur


UNDIS hjá WHO 2019



Color coding based on UNDIS criteria levels



UNDIS hjá WHO 2022



Color coding based on UNDIS criteria levels



Takk fyrir!

Gunnar Alexander Ólafsson hagfræðingur ÖBÍ
Netfang: gunnar@obi.is